

67. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn mánudaginn 30. mars 2009 kl.12 - 13 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Lárus Valgarðsson, Ásdís Ólafsdóttir, Sigríður Baldursdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Ekki mætt: Ragna Karlsdóttir.

Fundargerðir

Fundargerðir 63 – 66 samþykktar.

Verkaskipting stjórnar

Ákveðið að skipta störfum í stjórn Alnæmisbarna á þann hátt að Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir sitji áfram sem formaður, Hildur Gestsdóttir sem varaformaður og Sigurlaug Hauksdóttir sem ritari. Ásdís Ólafsdóttir ætlar að skoða það að verða gjaldkeri Alnæmisbarna og Sigríður Baldursdóttir, Lárus Valgarðsson og Ragna Karlsdóttir verða meðstjórnendur. Lárus ætlar að halda utan um heimasíðu félagsins og Sigríður ætlar að vera honum til aðstoðar við það. Góð regla er að tveir meðlimir stjórnarinnar hafi ávalt lesið yfir texta áður en hann er settur inn á heimasíðuna.

Fastir fundartímar stjórnar

Fundartímar verða alltaf á föstum dögum þ.e. fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 15:30 – 16:30. Næstu tveir fundir verða því 7. maí og 4. júní, síðan tekur stjórnin sumarfrí í júlí og ágúst, nema eitthvað óvænt komi upp á.

Stuðningur við Candle Light Foundation (CLF). Kostnaður vegna skólagöngu stúlkna.

Alnæmisbörn studdi 27 stúlkur til almenns náms á síðasta ári, en tvær þeirra eru núna hættar í námi. Þar sem Alnæmisbörn eru farin að ganga á höfuðstól fjáreigna sinna er ekki talið ráðlegt að greiða fyrir fleiri stúlkur í skóla í bili.

Fjáröflun

Höfuðstóll fjáreigna Alnæmisbarna þrýtur á næsta ári komi ekki til önnur fjáröflun á árinu. Búið er að panta bás í Kolaportinu helgina 25. og 26. apríl til að selja afganginn af barnafötunum sem seldust ekki í síðustu Kolaportaferð, kerti og hálsfestar sem stúlkurnar í Candle Light Foundation hafa búið til. Sigurlaug hefur selt yfir 30 hálsfestar á vinnustað sínum, verði einhverjar hálsfestar eftir eftir

Kolaportsferðina verður reynt að selja þær á vinnustöðum stjórnarmanna. Sá ágóði sem fæst af hálsfestunum verður sendur beint til Rosette á CLF, hann er ekki hluti af fastri styrkveitingu Alnæmisbarna til CLF.

Áður fyrr gat fólk styrkt eina og eina stúlku og /eða CLF almennt. Spurning hvort Alnæmisbörn ættu að reyna að bjóða upp á eitthvað svipað aftur, en núna greiðir fólk einungis almennt gjald án þess að vera eyrnamerkt ákveðnum stúlkum. Yrði einnig boðið upp á greiðslur til ákveðinna stúlkna gætu skólabekkir og/eða vinnustaðir sameinast um að styrkja eina stúlku saman. Alnæmisbörn myndu síðan senda þeim fréttir af skúlkunni einu sinni á ári eins og stærri sambærileg samtök bjóða upp á.

Ákveðið að leggja á ís fleiri greiðslur til Gefðu skjól-verkefnisins á meðan kreppan er í algleymingi á Íslandi og Alnæmisbörn eiga í fullu fangi með að greiða almenna skólagöngu stúlkanna á CLF. Það að leggja megináherslu á að stuðning við stúlkurnar í CLF er í anda upphaflegu samþykktu Alnæmisbarna en þar var menntun þeirra jafnframt höfð í fyrirrúmi.

Ingibjörg er búin að fá staðfest að ICEIDA í Úganda styrkir CLF með 10 milljónum ug. shill. á ári, fyrri helmingur upphæðarinnar greiðist í upphafi árs og sá síðari um mitt árið.

Styrkur Reykjavík Geothermal. RG, við CLF

Fyrirtækið Reykjavík Geothermal hefur ákveðið að styrkja rekstur CLF með 700 – 1000 dollara á mánuði og verður þessi samningur Reykjavík Geothermal og Alnæmisbarna formlega afhentur á morgun. Ingibjörg veitir honum viðtöku fyrir hönd Alnæmisbarna og setur frétt og mynd af atburðinum inn á heimasíðu félagsins.

Vefur Alnæmisbarna

Lárus kom með þá hugmynd að setja inn efni á ensku inn á heimasíðu Alnæmisbarna þannig að CLF, sem ekki er með heimasíðu, geti einnig nýtt sér heimasíðu Alnæmisbarna. Þarna væri hægt að setja ýmsar upplýsingar um CLF, lög og reglugerðir, samþykktir og fundargerðir CLF. CLF gæti þá líka bent fólki á þessa heimasíðu fyrir upplýsingar um starfsemi hennar. Þetta þótti góð hugmynd og var hún samþykkt.

Önnur mál

Alnæmisbörn leggur áherslu á það að CLF sé viðurkennd sem NGO en ekki fyrirtæki. CLF var viðurkennd sem NGO fram til júlí 2007, en þá rann sú samþykkt út. Nú hefur CLF fengið viðurkenningu aftur sem NGO til næstu 3 ára.

Alnæmisbörn telur einnig brýnt að ársreikningar CLF séu yfirfarnir af viðurkenndum endurskoðanda þar í landi. Þar sem slíkt kostar peninga hefur Alnæmisbörn samþykkt að greiða þann kostnað. Ársreikningar 2007 hafa nú verið samþykktir af viðurkenndum aðila, þannig að nú verða Alnæmisbörn að senda pening á ný til að greiða endurskoðun ársreikninga ársins 2008.

Til að geta betur fylgst með starfsemi CLF eru fundargerðir stjórnar CLF sendar Alnæmisbörnum, en þær voru tvær í fyrra. Fundirnir verða mögulega fleiri á þessu ári.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar